

# Stefna og verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd

## 1. gr.

### Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglur þessar um framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru settar í samræmi við 18. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, með það að markmiði að tryggja bestu framkvæmd í skilningi þeirra laga.

Verklagsreglur þessar gilda um víðskipti með fjármálagerninga, þegar Landsbréf framkvæma fyrirmæli fyrir hönd sjóða í stýringu félagsins eða á grundvelli eignastýringar sem félagið hefur með höndum fyrir aðra eða beina fyrirmælum um slík víðskipti til þriðja aðila. Með víðskiptavini í verklagsreglum þessum er átt við sjóði í stýringu félagsins sem og sérhverja þá aðila sem félagið kemur að víðskiptum fyrir.

## 2. gr.

### Stefna um bestu framkvæmd

Landsbréf munu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir víðskiptavini með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af víðskiptum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta.

Landsbréf munu ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta í framkvæmd víðskiptafyrirmæla í hverjum víðskiptum fyrir sig á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda. Ákvarðanir sínar byggja Landsbréf á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og víðmiðum um framkvæmd víðskiptafyrirmæla sem byggjast einkum á eftirfarandi atriðum:

- a) markmiði, fjárfestingarstefnu og áhættu sjóðs, eins og tilgreint er í útboðslýsingu og/eða reglum víðkomandi sjóðs;
- b) einkenna pöntunar;
- c) einkenna fjármálagerninga sem um er að ræða í þeirri pöntun og
- d) einkenna þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirmælum til.

Að öðru jöfnu skulu verð og kostnaður vera þau atriði sem vega þyngst þegar leitað er að bestu mögulegu niðurstöðu. Þar á meðal telst allur víðskiptakostnaður (svo sem víðskiptaþóknanir og uppgjörskostnaður). Aðrir þættir geta í undantekningartilvikum vegið þyngra svo sem t.d. hvernig fyrirmælum er háttað, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði víðskiptin fara fram, en í öllum tilvikum skulu hagsmunir víðskiptavinar hafðir að leiðarljósi. Þegar víðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd víðskiptafyrirmæla skulu víðskipti framkvæmd í samræmi við þau fyrirmæli.

Ef annar aðili er fenginn til að framkvæma fyrirmæli skulu Landsbréf gæta hagsmuna víðskiptavinar og gera ráðstafanir til að tryggja bestu niðurstöðu í þágu hans, sbr. 4. gr. Landsbréf hafa sett sér stefnu um samsöfnun fyrirmæla og úthlutun víðskipta sem ætlað er að tryggja sem besta framkvæmd í þágu víðskiptavina þegar um samsafn fyrirmæla er að ræða.

### 3. gr.

#### Fyrirmæli til þriðja aðila

Landsbréf fela að jafnaði verðbréfamiðlunum fjármálafyrirtækja að annast framkvæmd viðskiptafyrirmæli fyrir félagið og viðskiptavinum þess, þegar um er að ræða viðskipti með skráða fjármálagerninga. Áður en stofnað er til viðskiptasambands við verðbréfamiðlun fjármálafyrirtækis er gengið úr skugga um að viðkomandi hafi sett sér stefnu og reglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem tryggir að gætt sé að hagsmunum viðskiptavina Landsbréfa í samræmi við reglur þessar. Helstu markaðir með skráða fjármálagerninga sem Landsbréf reiða sig einkum á til að ná bestu framkvæmd í samræmi við stefnu sína eru:

- OMX Nordic Exchange Iceland
- OMX Nordic Exchange Helsinki
- OMX Nordic Exchange Copenhagen
- OMX Nordic Exchange Stockholm
- Oslo BørsOMX First North (MTF)

Landsbréf geta einnig hlutast til um viðskipti með skráða fjármálagerninga á öðrum mörkuðum í því skyni að tryggja sem besta niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína.

Heimilt er að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga, enda þjóni það hagsmunum viðskiptavina og það sé í samræmi við fyrirfram skilgreinda fjárfestingastefnu.

Á lista sem Landsbréf viðhalda eru tilgreindir þeir þriðju aðilar sem Landsbréf beina fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til. Landsbréf munu afhenda viðskiptavinum sínum afrit af listanum samkvæmt beiðni þar að lútandi.

### 4. gr.

#### Stefna um samsafn fyrirmæla og úthlutun viðskipta

Markaðsaðstæður geta verið með þeim hætti að hagstæðari kjör geta boðist með því að safna saman í ein fyrirmæli viðskiptum fyrir fleiri en einn sjóð félagsins. Með vísan til þess er sjóðstjórum Landsbréfa heimilt að framkvæma viðskipti fyrir fleiri en einn sjóð í einu (samsafn fyrirmæla), enda séu líkur á því að slík samsöfnun sé að minnsta kosti jafnhagstæð og ef viðskiptin væru gerð fyrir hvern sjóð fyrir sig og við úthlutun viðskipta milli sjóða sé gætt að hagsmunum hvers sjóðs fyrir sig. Við úthlutunina skal tekið mið af því hvort í einstökum sjóðum liggi fyrir innlausnar- eða kaupantánir og eins hvernig hinir keyptu/seldu fjármálagerningar falla að fjárfestingastefnu einstakra sjóða miðað við samsetningu þeirra við ráðstöfun fyrirmæla. Sjóðstjórar skulu gæta þess að ef mismunandi kjör eru á samsöfnuðum viðskiptum skuli þeir sjóðir sem standa á bak við viðskiptin njóta hlutfallslegs ávinnings og þannig sé reiknað meðalverð að teknu tilliti til kostnaðar þegar viðskiptum er úthlutað.

### 5. gr.

#### Eftirlit og endurskoðun

Landsbréfum er heimilt að breyta verklagsreglum þessum einhliða. Landsbréf munu reglulega endurmeta val sitt á þeim þriðju aðilum sem félagið beinir fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til og val á þeim mörkuðum sem félagið reiðir sig einkum á til að ná bestri niðurstöðu, sbr. 3. gr.

Landsbréf munu upplýsa viðskiptavini um allar efnislegar breytingar sem gerðar verða á verklagsreglum þessum, verklagsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins, [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is).

## **6. gr.**

### **Gildistaka**

Stefna þessi og verklagsreglurnar öðlast gildi þann 1. nóvember 2015. Eldri reglur félagsins um sama efni falla úr gildi frá og með sama tíma.